

Nd.

692. Frumvarp til laga

[145. mál]

um breyting á lögum nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. maí.)

1. gr.

Aftan við 21. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Er námssamningur kemur til staðfestingar hjá iðnfulltrúa, skal hann taka ákveðið gjald af báðum samningsaðilum, er greiðist Iðnnemasambandi Íslands og fari til eflingar fræðslustarfs þess um iðnfræðslulöggjöfina. Gjald iðnfyrirtækis eða iðnmeistara skal vera 1% af fyrsta árs árlegu lágmarkskaupi iðnnema í rafvirkjun, eins og það er hverju sinni, en gjald nemans $\frac{1}{2}\%$ af sömu upphæð. Greiðist það í eitt skipti fyrir öll.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.